

Fundargerð 20. fundar í flugvirkarráði

Fundur var haldinn í flugvirkarráði kl. 13:00 þriðjudaginn 30. október 2018 í flugstjórnarmiðstöðinni á Reykjavíkflugvelli kl. 13:00 – 15:00.

Viðstaddir: Friðfinnur Skaftason (FS), Halla Sigrún Sigurðardóttir (HSS), Ólafur Helgi Kjartansson (ÓHK), Hildur Reykdal (HR), Björn Óli Hauksson (BÓH), Þorvaldur H. Þórðarson (ÞÞ), Kári Gunnlaugsson (varamaður KB), Sigurgeir Ómar Sigmundsson (SÓS) og Ómar Sveinsson (ÓS) sem ritaði fundargerð.

Fjarverandi: Ásta Sóllilja Sigurbjörnsdóttir, Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir, Karen Bragadóttir og Þórólfur Guðnason

Gestir: Gunnar Örn Indriðason (GÖI)

1. Dagskrá.
2. Fundargerð síðasta fundar.
3. Staða íslenskra flugrekenda.
4. Isavia – helstu flugvirkarmál.
5. Brexit og áhrif þess.
 - a. Loftferðasamningur.
 - b. Flugvernd.
 - c. Skírteini.
6. Staða verkefna og fréttir af ECAC FAL fundi (HSS).
7. Flugvirkaráætlun 2019.
8. Önnur mál.
9. Næsti fundur.

1. og 2. Dagskrártillaga og fundargerð síðasta fundar samþykkt. Einnig kom fram í upphafi að Sólveig Jóhanna Guðmundsdóttir hafi hætt störfum hjá Þjóðskrá og þyrfti að skipa nýjan fulltrúa Þjóðskrár.

3. Staða flugrekenda

GÖI fór yfir áskoranir í flugmálum, áhrif hækkandi olúverðs og vaxtastigs ásamt þrengingum á alþjóðamörkuðum.

BÓH segir endurskoðaða spá um farþegafjölda fyrir 2018 hafa staðist og að ný spá fyrir 2019 verði gefin út 4. desember nk. Hann kom einnig inn á að mikil samkeppni væri í flugi til London og lág verð í boði.

4. Isavia – helstu flugvirkarmál

BÓH kynnti nýja útfærslumöguleika á fyrirhuguðum framkvæmdum á flugstöðinni, sjá fylgiskjal.

Hann kynnti einnig að „preclearance“ verkefnið vegna flugs til Bandaríkjanna væri of dýrt í framkvæmd og væri því komið í biðstöðu.

Þjónusta við fatlaða og hreyfihamlaða (PRM) á Keflavíkflugvelli væri í endurskoðun, en mikil aukning hafi verið á þjónustunni og að lykilstarfsmenn hefðu hætt, líta þyrfti til hækkunar gjaldskrár.

Umferð hafi aukist á Akureyrarflugvelli og þar væri verið að skoða að rífa „duty free“ aðstöðuna og koma henni út fyrir bygginguna enda sé flugstöðin of lítil og það vanti aðstöðu fyrir opinbera aðila og PRM. Heimildir fyrir framkvæmdum liggi þó ekki fyrir.

5. Brexit og áhrif þess.

Farið var almennt yfir hugsanleg áhrif Brexit, m.a. þann möguleika að litið yrði á farþega frá Bretlandi sem 3. ríkis farþega sem þýddi að skima þyrfti alla farþega sem kæmu frá Bretlandi en ekki þá sem fara til Bretlands. Almenn haldar aðilar að staða verði óbreytt þar sem sömu kröfur um öryggi verði áfram báðum megin.

GÖI sagði frá vinnuhópi stjórnarráðsins en ekki hefur verið talin ástæða til að hefja vinnu við sértæk mál þar sem vitneskja um framvindu mála er takmörkuð. Ef ekkert hefur gerist í samningum Breta og ESB í byrjun desember þá þurfi að kalla hópinn saman.

A. Loftferðasamningar

GÖI tilkynnti að engir samningar hafi verið gerðir á þessu ári en viðræður væru í gangi við Japan og heimboð liggur fyrir. Japan Air og Finnair væru með „code share“ og kæmu farþegar frá Japan Air því með Finnair til Íslands. Áhugi íslenskra flugrekenda hefur legið fyrir um nokkurt skeið.

B. Flugvernd

Fyrirhugað flug til og frá Indlandi geti skapað vandamál vegna öryggismála sem vinna þarf í. Einnig virðist mikil eftirspurn eftir PRM þjónustu Isavia.

6. Staða verkefna og fréttir af ECAC FAL fundi

HSS var með kynningu frá því helsta sem er að gerast í flugvirkarmálum í heiminum, sjá fylgiskjal. Þar var m.a. minnst á skráningakerfi ESB sem er sambærilegt við hið bandaríska ESTA þar sem flugfarþegar þurfa að skrá upplýsingar um sig á komuflugvelli.

7. Flugvirktaráætlun 2019

Halda þarf fund í desember til að klára áætlun fyrir 2019, taka megi út „preclearance“ verkefnið og bæta við „global entry“ og verkefni varðandi áhafnaskírteini (CMC)

8. Önnur mál

ÞÞ fræddi fundarmenn um að ný einangrunarstöð fyrir hunda og ketti hefði verið opnuð í Landsveit en aukning á einangrunarplássum kemur til með að auka umferð á dýra um flugvöllinn, að minnsta kosti tímabundið. Endurskoðun á áhættumati og reglum vegna dýrainnflutnings er í gangi. Einnig er verið að skoða að breyta reglum vegna endurkomu útfluttra dýra.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður 18. desember nk. hjá Samgöngustofu.

Flugvirkt

– helstu verkefni SGS og flugvirktaráðs,
ECAC og ICAO

29.10.2018

Halla S. Sigurðardóttir,
framkvæmdastjóri samhæfingarsviðs



Vinnuáætlun ECAC FAL fyrir 2018

Málefni landamæra (immigration)

- Spurningalisti ECAC
- API, innleiðing EU PNR tilskipunar, nr. 2016/681 um notkun PNR
- Fylgjast með innleiðingu „Entry/exit system (EES) meðal aðildarríkja Schengen (Smarts Borders Package)
- Samvinna við Frontex, IATA/CAWG og aðra
- Leiðbeiningar fyrir bestu aðferðir er varða **API og PNR** og fylgjast með þróun

- Automated Border Control (ABC) og biometrics developments
- ABC og Biometrics spurningarlistar ECAC



Vinnuáætlun ECAC FAL fyrir 2018...frh

Málefni landamæra (immigration) frh.

- Crew Member Certificate (CMC) - þróun leiðbeiningarefnis og innleiðing í Evrópu
- Ábyrgð flugrekenda (Air Carrier liability)
 - Spurningalisti ECAC
 - Breytingar á viðauka 9 og leiðbeiningarefni með IATA/CAWG
- Minors (Börn og minnimáttar)
 - Breytingar á viðauka 9 og leiðbeiningarefni með IATA/CAWG
- Annað:
 - ICAO FAL Manual (Doc 9957) – áframhaldandi þróun
 - Spurningalisti ICAO – EFOD kerfið



Vinnuáætlun ECAC FAL fyrir 2018 (frh.)

Farþegamál og fólk með takmarkaða hreyfigetu

- Greining PRM kvartana
- Breytingar á ECAC Doc 30, part I
- Vinna með EASA varðandi samræmdar reglur
- Vinna með bandarískum yfirvöldum (WC, súrefni, þjónustudýr ofl.)
- Leiðbeiningar fyrir úttektir á PRM aðstöðu og þjónustu
- Call point signage harmonisation – samræmd tákn og merkingar (!)



Atburðir á vegum ECAC/ICAO 2018

Viðburðir og erindi frá ECAC

- [ECAC surveys](#) in the field of Facilitation on ECAC website
 - svöruðum 3/4
 - Basic facilitation recommendations
 - Complaints for 2016 regarding the assistance to persons with reduced mobility (PRM)
 - Survey on API and PNR initiatives
 - Survey on air carrier liability (ólókið)
- ICAO TRIP ráðstefna 23.-25. október 2018 (Þjóðskrá, Lögregla, Tollur?)
 - Sótt af Þjóðskrá – fréttir?
- Fundur ECAC FAL /56 meeting október 2018 á Írlandi
 - Samhliða Workshop on Health Related Matters
- ICAO Facilitation Panel í september 2018



ICAO Facilitation Panel í september 2018

- Sá aðili sem kemur formlega með tillögur að breytingum að viðauka 9 um flugvirkt. Tillögur fara fyrir ICAO Air Transport Committee og ICAO Council áður en breytingatillögur eru sendar út í “amendment” bréfum
- Farið yfir tengsli við UN Security Council og breytingar í „passenger data exchange programs“ (API, PNR og persónuvernd)
- Breytingatillögur við viðauka 9:
 - Uppfærðar úreltar greinar (ný upplýsingatækni og ferðamátar)
 - Multiple passports – challenges for aircraft operators and states
 - Stöðluð ferðaskjöl og upplýsingar varðandi „minors“
 - Tillaga um „single window“ verði staðall – vegna gagnaskila
 - Human trafficking – trafficking in persons.
 - Kynning frá IATA (sendi út)
- Viðhorf gagnvart breytingum, viðhorf nokkurra ríkja gagnvart Evrópu



ECAC FAL fundur – helstu breytingar

- ECAC 56. FAL fundur haldinn í Dublin í 24. okt sl.
- Áhugaverð kynning um flugvirkt í Írlandi
- Verkefnaáætlun næsta árs:
- Vegna aðstoðar og aðstöðu hreyfihamlaðra á flugvöllum, nýr spurningalisti. Nýtist SGS og Isavia (verður dreift)
- Leiðbeiningarefni um merkingar á flugvöllum
- Vinnustofa vegna PRM gjalda á flugvöllum
- Endurskoðun á vinnuhópum og verkferlum (nýr vinnuhópur um „hidden disabilities“)
- Vinnustofa um „health matters in aviation“
- Mjög mikið fjallað um PNR reglugerðina og innleiðingu, sjá IATA kynningu. Einnig um Smart borders verkefni EU.
- Brexit
- Undirbúningur fyrir ICAO Assembly september 2019



ECAC DOC 30 I (sjá skjal)

12th edition/May 2018



**ECAC POLICY STATEMENT IN THE FIELD OF CIVIL
AVIATION FACILITATION**

ECAC.CEAC Doc No. 30 (PART I)

12th edition/May 2018



Í vinnslu hjá Samgöngustofu

- Staða Íslands gagnvart viðauka 9, kröfum og leiðbeiningarefni. Yfirfara „íslenska kerfið“ og tilkynna frávik ef eru. Skil á upplýsingum til Samgöngustofu fyrir 15. maí 2018. **Stóðst ekki!**
- Leggja mat á tillögur ICAO (amendments) til breytinga og taka þátt í vinnu ECAC vegna Doc 30.

Spurningar sendar út 20. apríl 2018

– þurfum svör fyrir lok febrúar 2019

- Úttektir á aðstöðu PRM í Leifstöð og á upplýsingagjöf flugrekenda til farþega



Í vinnslu hjá Samgöngustofu

- Réttindi flugfarþega.
 - Unnið að gerð (og samræmingu) leiðbeiningarefnis hjá ECAC/EU. Jafnframt unnið að endurskoðun reglugerðar.
- Hlutverk stjórnvalda í aðstoð við aðstandendur fórnarlamba flugslysa. Endurskoðun viðbragðsáætlunar og skilgreining á hlutverki Íslands. Athuga þarf með innleiðingu á reglugerð nr. 1248/2014 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almannaflygi
 - Sjá verkefni á áætlun
 - Væntanleg spurningakönnun frá ECAC
 - Kynningarefni frá Ítalíu



frh...

- Samstarf, upplýsingaöflun og skil til ECAC
[Spurningalistar – hér fyrr í kynningu] :
- API, biometrics and ABC developments. Skil 2x á ári.
 - Mikil þróun í gangi, sem fylgst er með en hver er með bestu yfirsýn og hverjar eru skyldur okkar?
- Ábyrgðir flugrekenda (Air Carrier liability). Unnið að samræmingu leiðbeininga hjá ECAC og IATA (IATA Cog).
- Fylgdarlaus börn (Unaccompanied minors). Unnið að greiningu og samræmingu leiðbeininga og reglna. Vaxandi vandamál sem krefst samstarfs margra aðila.

*Fara þarf yfir breytingar **24, 25 og 26**. Uppfærsla reglugerðar um flugvirkt, a.m.k. vegna orðskýringa. **Lögregla og Tollstjóri!!!**



Breyting 24 við viðauka 9

- Breyting snýr að: Flutningi fatlaðra farþega; útgáfu og eftirliti með ferðaskilríkjum; notkun farþegaupplýsinga (Advance Passenger Information API); Farþegaskrá (Passenger Name Record (PNR) gagnakerfum; og verklagsreglum vegna brottflutnings „inadmissible“ farþega og „deportees“.
- Stofnanir sem þurfa að koma að vinnu: Lögreglan, Þjóðskrá og Útlendingastofnun
- SGS boðar fundi með hverjum aðila fyrir sig.
 - Ljúka fyrir **20. maí > 1. mars 2019**



Breyting 25 við viðauka 9

- Breyting snýr að: Aðstoð ríkja við fórnarlömb flugslysa og fjölskyldur þeirra; Vélrænt lesanleg ferðaskilríki (MRTDs); farmflutningi og gagnagrunni INTERPOL varðandi stolin og týnd ferðaskilríki
- Stofnanir sem þurfa að koma að vinnu: Tollur, Lögreglan, Þjóðskrá
- SGS boðar fundi með hverjum aðila fyrir sig.
 - Ljúka fyrir **20. maí > 1. mars 2019**



Breyting 26 við viðauka 9

- Breyting snýr að: Vélrænt lesanleg ferðaskilríki (MRTDs); Flutningi barna og unglunga (minors); Farþegaskrá; ABC farþegahliða; Gagnakerfa sem halda utan um farþegaskrár (Passenger Name Record (PNR) gagnakerfum
- Stofnanir sem þurfa að koma að vinnu: Lögreglan, Þjóðskrá, Tollstjóri, Isavia, Útlendingastofnun, Samgöngustofa (flugrekendur)

Ráðuneyti: Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og dómsmálaráðuneytið

- SGS boðar fundi með hverjum aðila fyrir sig.
 - Ljúka fyrir **20. maí > 1. mars 2019**



ICAO krafa um PNRGOV (EC 6/3-17/126)

?Hvar stendur þetta verkefni?

- Áminning til ríkja um innleiðingu kröfu frá ICAO varðandi rafrænt form gagna „EDIFACT-based PNRGOV message.
- Á við um þegar flugrekendur skila upplýsingum inn í stjórnsýsluna (airline-to-government PNR data transfer)
- Krafa þar sem stjórnvöld fara fram á PNR gögn frá flugrekendum til að samræma framsetningu og notkun gagna á heimsvísu
- Hver er staðan hér? hver ber ábyrgð á og rekur gagnakerfið?
- Ekki til innleiðingar hér – en API í vinnslu. **Er einhver hættu á gagnamistræmi og að kerfin lesi ekki upplýsingar?**
- **Kynning frá [IATA API/PRN](#)**

Umræða hér á eftir varðandi API og PNR.



Vegna krafna um “áætlun” um aðstoð við fórnarlömb og aðstandendur flugslysa – viðauki 9

- Kröfur ICAO í viðauka 9, breyting úr tilmælum í kröfu, í „Assembly resolution“ frá síðasta þingi
- Krafa í reglugerð EU No. 996/2010 sem innleidd var í rg. nr. 1248/2014 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almannaflygi.
- **Næstu skref: Ráðuneyti kanni innleiðingu EU No. 996/2010.. .**
- Tryggja að til séu áætlanir og verklag hjá ríki, flugvöllum og flugrekendum varðandi aðstoð við fórnarlömb og aðstandendur flugslysa ef til flugslyss eða alvarlegs flugatviks kemur kemur
- Kynning frá ECAC FAL [ENCASIA](#)




Ekki nýtt hjól – reyna að nota það sem fyrir er

Endurskoðun flugvirktaráætlunar og skipan í ráðið

- Staldra við og líta til baka
 - Gagnsemi vettvangsins og tilgangur
 - Skipan aðila í ráðið
 - Samstarf og samskipti við hagaðila
- Sjá mynd:
- Samgöngustofa leggur til að flugvirktaráætlunin verði yfirfarin og efnistöð skoðuð út frá kröfum ICAO og ECAC. Tökum það besta og innleiðum hér.
 - Verkefni haustfundar?
 - Ný áætlun lögð fram í desember 2018



Úr flugvirktaráætlun Sviss



Flugvirktaráætlun 2018
- staða 24.4.2018
og 30.10.2018



Verkefni	Ábyrgðaraðili	Tímamörk	Athugasemdir
Flugvirkjaráætlun Íslands Árið 2018	Samgöngustofa	Drög janúar 2018	
Flugvirkjaráætlun Íslands Árið 2019	Samgöngustofa	Drög, nóvember 2018	Kanna með breytingar á framsetningu og skipan í ráðið, sbr. dæmi frá Sviss
Innleiðing krafna frá ICAO			
<ul style="list-style-type: none"> Amendment 24 	Lögreglan á Suðurnesjum; Þjóðskrá og Útlendingastofnun; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti;	15.05.2018	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
<ul style="list-style-type: none"> Amendment 25 	Tollstjóri, Lögreglan á Suðurnesjum, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Samgöngustofa; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti	15.05.2018	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
<ul style="list-style-type: none"> Amendment 26 	Tollstjóri, Lögreglan á Suðurnesjum, Þjóðskrá, Útlendingastofnun, Samgöngustofa; Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneyti; Isavia;	15.05.2018	Samgöngustofa tilkynnir frávik til ICAO ef með þarf
Uppfærsla á TOC skjali/ Compliance checklist	Samgöngustofa	1.3.2018	Uppfæra lista og senda útfærðan lista til ICAO
Þróun á Keflavíkurflugvelli	Isavia	2018	Skýrslugjöf til ráðsins
Flugvirkt í neyðartilfellum	Isavia	2018	
Samráð við hagsmunaaðila	Samgöngustofa	Nóvember 2018	Flugrekendur boðaðir á fund í janúar

Til umræðu

Skýldur Íslands varðandi viðbrögð og aðstoð komi fram í viðeigandi áætlun	Samgönguráðuneytið, Samgöngustofa, Isavia , Almannavarnir , o.fl.	Drög tilbúin í október 2018	Athuga innleiðingu á EU Nr. 996/2010 með reglugerð nr. 1248/2014 um rannsóknir og forvarnir gegn slysum og flugatvikum í almenningssflugi
Flugöryggisáætlun Íslands, kafli er varðar skyldur ríkisins við fórnarlömb flugslysa og aðstandendur þeirra.	Samgöngustofa,	Drög tilbúin í október 2018	Tilmæli/skyldur frá ICAO þingi 2016.
Skýrslugjöf um " Global entry og Preclerance til USA	Isavia	Í vinnslu	
Nýtt verkefni			